

Ársrit
Héraðsskjalasafns Kópavogs
2006-2007

Kópavogi 2008

Héraðsskjalasafn Kópavogs 2006

Greinargerð fyrir starfsemi þess

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

Haldnir voru 10 stjórnarfundir árið 2006. Var nokkur áhersla lögð á varðveislu- og forvörslumál í umræðum og greinargerðum þar eins og t.d. pappírnotkun og skjalavistunarmál almennt. Voru áhyggjur nokkrar vegna gagna á öðrum formum en pappír en einnig var talið ráðlegt að stefna að því að taka myndir af pappírsskjölum á míkrófilmur til þess að tryggja að efni þeirra varðveittist til langframa. Mörkuðust stjórnarfundir af því að nýr héraðsskjalavörður tók við störfum í ársbyrjun og mörg grundvallaratriði þurftu umfjöllun. Ráðleggingar og athugasemdir þjóðskjalavarðar um stöðu og málefni stofnunarinnar voru einnig til umræðu seinni hluta ársins.

Fyrri hluta árs 2006 skipuðu stjórn safnsins:

Hilmar Björgvinsson forstjóri og hdl., formaður.

Hjörtur Pálsson cand. mag. og rithöfundur, ritari.

Gylfi Gröndal ritstjóri og rithöfundur, meðstjórnandi.

Varamenn:

Margrét Björnsdóttir varabæjarfulltrúi.

Ingví Þorkelsson menntaskólakennari.

Ólafur Jónsson fyrrverandi bæjarfulltrúi.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum 27. maí 2006 var á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 27. júní 2006 kjörin ný stjórn og varamenn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs:

Hilmar Björgvinsson forstjóri og hdl., formaður.

Hrafnhildur Hjaltadóttir háskólanemi, meðstjórnandi.

Bjarni Ólafsson cand. mag. og menntaskólakennari, ritari.

Varamenn:

Svana Svanþórsdóttir bankastarfsmaður.

Hjörtur Pálsson cand. mag. og rithöfundur.

Svandís Skúladóttir deildarstjóri.



Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs og starfslíð 2. júní 2006 í skjalageymslunni að Hamraborg 1, 3. hæð. Ev. Hilmar Þjörgvinsson stjórnarformaður, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður, Gylfi Gröndal meðstjórnandi, Kristín Þorgeirsdóttir skjalavörður og ljósmyndari, Gunnar Marel Hinriksson skjalaskráritari og Hjörtur Pálsson ritari stjórnar. Ljósmynd Krissy.

Ástand safnsins og ytri aðbúnaður

Í upphafi ársins 2006 tók undirritaður við Héraðsskjalasafni Kópavogs. Ekki var um neina afhendingarskrá yfir skjöl í vörslu safnsins að ræða og skráningu þar fyrir utan um margt ábótavant. Var þegar ljóst að starfsmenn safnsins væru ekki nægilega margir til þess að hafa undan við að hafa eftirlit með skjalavörslu bæjarins, taka á móti skjölum frá bænum og stofnunum hans, taka á móti einkaskjalasöfnum og koma um leið fullnægjandi skráum yfir það sem þegar hefur verið afhent. Ekki voru taldar forsendur fyrir því að hafa fastan afgreiðslutíma lestrarsalar í skjalasafni sem að megninu til væri ekki fullnægjandi skráð og ætti við vinnuafllsskort að etja og var því brugðið á það ráð að hafa afgreiðslutíma safnsins eftir samkomulagi og gafst það eftir atvikum vel.

Rekstraryfirlit ársins 2006

Héraðsskjalasafn Kópavogs er fjármagnað af Kópavogsbæ. Framlag til Héraðsskjalasafns Kópavogs frá Þjóðskjalasafni Íslands af fjárlögum 2005 að upphæð 500.000 kr. var greitt í árslok 2005.¹

¹ Sbr. 2. sundurliðun laga nr. 126/2004, lið 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands, almennur rekstur 1.11. Héraðsskjalasöfn 12,1 milljón. Fjárframlagi þessu er deilt út skv. viðmiðunarreglum Þjóðskjalasafnsins ýmist til sameiginlegra verkefna héraðsskjalasafnanna t.d. norræns skjaladags, þjálfunar, námskeiða og tækniástoðar, eða beint til héraðsskjalasafnanna og er þá ekki ætlað að hverfa inn í almennan rekstur héraðsskjalasafnanna heldur hugsað sem viðbót til sérstakra verkefna eða fjárfestinga á þeirra vegum.

<i>2006</i>	<i>Útgjöld</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Mismunur</i>
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	15.332.486 kr.	15.288.000 kr.	-44.486 kr.
<i>Vörukaup</i>	450.366 kr.	1.020.000 kr.	569.634 kr.
<i>Húsaleiga</i>	4.417.132 kr.	4.510.000 kr.	92.868 kr.
<i>Þjónustukaup</i>	742.223 kr.	766.000 kr.	23.777 kr.
<i>Alls</i>	20.942.207 kr.	21.584.000 kr.	641.793 kr.

Áætlun er endurskoðuð fjárhagsáætlun vegna ársins 2006.

Laun og launatengd gjöld ná til allra starfsmanna og stjórnar og kostnaðar við kaffiveitingar.

Vörukaup ná m.a. til ritfanga og efnis til frágangs skjalasafna, bóka, tímarita, rafmagns, hita og kaupa á búnaði.

Húsaleiga er fyrir 3. hæð húsnæðisins að Hamraborg 1.

Þjónustukaup ná m.a. til síma, bifreiðaaaksturs, öryggiskerfa, viðgerða, póstburðargjalda, félagsgjalda, námskeiðsgjalda, auglýsinga og tölvukostnaðar.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Kópavogs árið 2006

Fremst er afhendingarnúmer, sem er kennitala skjala innan safnsins, sett á þau strax við afhendingu, því næst er heiti skjalasafns, nafn þess sem afhenti, dagsetning afhendingar, nánari lýsing á því sem var afhent og frá hvaða tíma það er. Næst fylgir umfang afhendingar í hillumetrum og í sviga aftast er þess getið hvort skjölin hafa verið skráð. Skrásetjari er héraðsskjalavörður ef annað er ekki tekið fram.

1/2006 50 ára afmælisnefnd Kópavogs. Linda Udengård verkefnisstjóri afmælisnefndarinnar afhenti 21. febrúar. Skjöl er varða sönglagasamkeppni um Kópavogslagið. Þau eru frá árinu 2005. Afhendingin er 0,135 hillumetrar. (Skráð).

2/2006 Vatnsveitufélag við Kársnesbraut og oddviti Kópavogshrepps. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 10. mars. Umslag með nokkrum skjölum um aðdraganda að stofnun og upphaf að starfsemi Vatnsveitufélags við Kársnesbraut. Skjöl um vatnsveitulán Kópavogshrepps. Skjölin eru frá árunum 1944-1951. Afhendingin er 0,055 hillumetrar. (Skráð).

3/2006 50 ára afmælisnefnd Kópavogs. Linda Udengård verkefnisstjóri afmælisnefndarinnar afhenti 12. maí. Tvö eintök af DVD-myndinni Kópavogur 50 ára sem út var gefin árið 2006. Afhendingin er 0,03 hillumetrar. (Skráð).

4/2006 Bæjarskrifstofur Kópavogs. Svanhildur Sigurjónsdóttir ritari bæjarskjóla afhenti 12. maí. Innbundin afrit fundargerða stjórna, ráða

og nefnda Kópavogsbæjar árin 2003 og 2005, fimm bindi fyrir hvort ár. Afhendingin er 0,19 hillumetrar.

- 5/2006 Þórunn Kolfinna Ólafsdóttir.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 30. maí og 26. júní. Bréfasafn, einkum bréf frá Jóhanni Kr. Péturssyni til Þórunnar. Bréfin eru frá árunum 1944-1989. Afhendingin er 0,745 hillumetrar. Sjá afh. nr. 6/2007 af sama uppruna. (Skráð).
- 6/2006 Salurinn, tónlistarhús Kópavogs.** Vigdís Esradóttir forstöðumaður Salarins afhenti 21. júní. Prentaðar tónleikaskrár október 2005-júní 2006. Afhendingin er 0,03 hillumetrar.
- 7/2006 Guðríður Soffía Sigurðardóttir.** Guðríður Soffía Sigurðardóttir afhenti 23. júní. Tækifæriskort og leikskrár 1909-2006. Afhendingin er 1,605 hillumetrar. (Skráð af GMH og KÐ).
- 8/2006 Tómstunda- og menningarsvið Kópavogsbæjar.** Linda Uden-gård og Björn Þorsteinsson afhentu 6. júlí. 1. Kvikmynd á spólu (36 cm í þvermál): *Kópavogur. Borgin hjá vogunum tveimur.* Gerð í tilefni 25 ára afmælis Kópavogsbæjar 1980. Afrit hennar fylgja á VHS-myndbandsspólu og DVD-diski. 2. Kvikmynd á spólu (23 cm í þvermál) merkt „Kvikmyndin: THE SPOILER“. Óvíst hvað nákvæmlega er um að ræða. Spólurnar voru afhentar sem vörsluahending til Kvikmyndasafns Íslands 13. júlí 2006 (aðfanganr. 2006075), en afritin eru í vörslu Héraðsskjalasafnsins. Afhendingin er 0,03 hillumetrar. (Skráð).
- 9/2006 Borghild Joensen.** Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 26. júní. Ýmis einkaskjöl frá árunum 1992-2002 frá Borg-hild Joensen, Vogatungu 91. Afhendingin er 0,055 hillumetrar. (Skráð).
- 10/2006 Tryggvi Felixson.** Tryggvi Felixson afhenti 2. ágúst. *Kópur.* Skóla-bláð Gagnfræðaskóla Kópavogs. Ellefu tölublöð þ.e.:
 1. árg. 1963-1964, 1. og 2. tbl. 6. árg. 1969, 1. tbl.
 2. árg. 1964, 1. tbl. 8. árg. 1971, 1. tbl.
 4. árg. 1966, 1. tbl. 9. árg. 1971-1972, 1. tbl. (2 eint.) og 2. tbl.
 5. árg. 1968, 1. tbl. 10. árg. 1972, 1. tbl.
 Afhendingin er 0,03 hillumetrar. (Skráð).
- 11/2006 Íþróttá- og tómstundadeild Kópavogsbæjar.** Jón Júlíusson íþróttafulltrúi afhenti 16. ágúst. Skjöl í 50 öskjum. Bréf, vinnugögn og skýrslur frá árunum 1986-2005. Afhendingin er 3 hillumetrar. (Skráð).
- 12/2006 Sundlaug Kópavogs.** Vildís Guðmundsdóttir forstöðumaður afhenti 18. ágúst. Bréf og fleira, skjöl varðandi sundpróf, bókhaldsuppgjör. Skjölin eru frá árunum 1967-1993. Afhendingin er 0,46 hillumetrar. (Skráð).
- 13/2006 Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs.** Hjörtur Pálsson ritari afhenti 16. október. Fylgiskjöl fundargerða 2001-2006. Afhendingin er 0,055 hillumetrar.

14/2006 Afmælisnefnd vegna 10 ára afmælis Kópavogskaupstaðar.

Björn Þorsteinsson sviðsstjóri tólmstunda- og menningarsviðs afhenti 2. nóvember. Fundargerðabók, prentaður bæklingur o.fl. frá árunum 1964-1965. Afhendingin er 0,03 hillumetrar. (Skráð).

15/2006 Curiosa. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 2. nóvember. Askja með skjölum merkt „Bókasafn Kópavogs. Curiosa“, skjóða frá Sparisjóði Kópavogs, rithandarstimpill úr gúmmii, bunki af matarmiðum frá Félagsheimili Kópavogs og blokk með bíómiðum frá Kópavogsbíói. Skjölin eru frá árunum 1928-1983. Afhendingin er 0,125 hillumetrar. (Skráð).

16/2006 Félagsþjónusta Kópavogs. Atli Sturluson yfirmaður rekstrardeildar Félagsþjónustunnar afhenti 6. nóvember. Málsskjöl barnaverndarmála og fjárhagsaðstoðarmála 1972-2004. Afhendingin er 18,88 hillumetrar. (Skráð af starfsmönnum Félagsþjónustunnar).

17/2006 Heilsugæslustöð Kópavogs. Sigríður A. Pálmadóttir, hjúkrunarforstjóri afhenti 6. mars. 13 pappakassar með óskráðum skjölum er snerta rekstur Kópavogsbæjar á Heilsugæslustöð Kópavogs og sögu hennar áður en ríkið tók við rekstri hennar. Skv. beiðni Sigríðar eru að auki í bráðabirgðavörslu Héraðsskjalasafnsins öskjur og kassar frá Heilsugæslustöðinni, 91 talsins. Þetta á að fara í Þjóðskjalasafn Íslands þegar það hefur húsnæði til þess að taka við afhendingarskyldum skjölum. Afhendingin er 5,18 hillumetrar.

18/2006 Salurinn, tónlistarhús Kópavogs. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður Kópavogs afhenti 2. nóvember, áður afhent honum af Vigdísi Eðradóttur forstöðumanni. Bréf Evu Ragnarsdóttur, 10. október 2001, er fylgdi gifmynd af höfði Sigvalda S. Kaldalóns tónskálds. Ljósrit af minningarorðum um Sigvalda fluttum af tengdasyni hans Jóni Gunnlaugssyni lækni fylgir. Einnig prentuð hljótleikaskrá um 50 ára afmæli Eggerts Stefánssonar 1. desember 1940, tvö ljósrit af prentuðum texta um kynni Ragnars Ásgeirssonar föður Evu af Sigvalda. Loks fylgir bunki ljósrita af bréfum til Ragnars Ásgeirssonar en þeim fylgir listi yfir frumritin sem eru varðveitt í Landsbókasafni Íslands.

19/2006 Þorsteinn Sigmundsson í Elliðahvammi. Geir Arnar Marelsson, skrifstofustjóri tæknideildar Kópavogsbæjar afhenti 18. september. Afrit úr *Morgunblaðinu* 4. október 1931, bls. 2 um dvalarheimili símamanna við Elliðavatn. (Skráð).

Aðföng bókasafns Héraðsskjalasafns Kópavogs árið 2006

Rit um skjalfræði og skjalavörslu

Asker, Björn. Nordlund Bendixen, Karin. Rosén, Hákan. (Red.). *Akter och iakttagelser. Landsarkivet i Uppsala 100 år*. Uppsala 2003.

Björk Ingimundardóttir. *Skrá um skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna. I.1 –I.4 Norður-Múlasýsla – Vestmannaeyjar. Árnessýsla – Reykjavík. Akranes - Strandasýsla. Húnavatnssýsla – Þingeyjarsýsla*. Bráðabirgðaskrár Þjóðskjalasafns I. Reykjavík 1973.

Henriksson, Eva. *Fotografier hos arkiv, museer, institutioner m.fl. Finns det skydd enligt upphovsrättslagen? Vem är i så fall rättighetshavare?* Stockholm 1997.

Jón Guðnason. *Prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl*. Skrár Þjóðskjalasafns – II. Reykjavík 1953.

Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. I, 1*. Reykjavík 1903.

Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. II. Skjalasöfn klerkdómsins*. Reykjavík 1905-1906.

Jón Þorkelsson. *Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. III. Öxarárþing – Yfirréttur hinn forni. – Landsyfirdómur. – Sýslur. – Hreppar. – Sáttanefndir. – Umboð*. Reykjavík 1910.

Prisguide 2006. Svenska Fotografers förbund. Stockholm 2005.

Rehm, Clemens. (Hrsgb.). *Historische Bildungsarbeit. Kompass für Archive? Vorträge des 64. Südwestdeutschen Archivtags am 19. juni 2003 in Weingarten*. Stuttgart 2006.

Samuelsson, Marie Louise. *Mikrofilm som arkivhandling. Handbok med praktiska råd*. SP rapport 1988:48. Borås 1988.

Sigurður Jónasson. *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags. I*. Kaupmannahöfn 1869.

Sigurður L. Jónasson. Finnur Jónsson. *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags. II*. Kaupmannahöfn 1885.

Skivenes, Arne. (General Editor) *Evidence! Europe Reflected in Archives*. Santiago de Compostela (et alterae) 2000.

Gjöf frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur 19. ágúst 2006.

Laga- og lögfræðirit

Ármann Snævarr. Ólafur Lárusson. (Ritstj.) *Lagasafn. Gildandi lög íslensk vorid 1954. I-II*. Reykjavík 1955

Björn Friðfinnsson. *Sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 ásamt skýringum og athugasemdum*. Fræðslurit nr. 8. 1. útgáfa, ágúst 1986. Reykjavík 1986.

Ólafur Lárusson. (Ritstj.) *Lagasafn. Gildandi lög íslensk vorid 1945*. Reykjavík 1947.

Sögu- og sagnfræðirit

Árni Óla. *Skuggsjá Reykjavíkur. Sögukaflar*. Reykjavík 1961.

Gylfi Gröndal. *Við byggðum nýjan bæ. Endurminningar Huldu Jakobsdóttur*. Reykjavík 1988.

Helga Sigurjónsdóttir (ritstj.). *Sveitin mín – Kópavogur. Frásagnir bekkjarsystkina*. Kópavogi 2002. Gjöf frá höfundi 10. ágúst 2006.

Indriði G. Þorsteinsson. *Þjóðhátíðin 1974. I-II*. Reykjavík 1986.

Sigurður Ólason. *Yfir alda haf. Greinar um söguleg og þjóðleg fræði*. Reykjavík 1964.

Handbækur

Jón Guðnason og Pétur Haraldsson. *Íslenzkir samtíðarmenn. Fyrri og síðara bindi*. Reykjavík 1965 -1967.

Stefán Bjarnason. *Íslenzkir samtíðarmenn. Þriðja bindi*. Reykjavík 1970.

Torfi Jónsson. *Æviskrár samtíðarmanna. 1.-3. bindi A-Ö*. Reykjavík 1982-1984.

Tímarit og blöð

Fengið sérstaklega:

Árnesingur I.-VII. Rit Sögufélags Árnesinga. Eyrarbakka og Selfossi 1990-2006.

Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I.-IX. Sögurit XVII. Reykjavík 1918-1953.

Kópavogsblaðið. 1. árgangur 2006. 1.-12. tbl. Kópavogi 2006. Gjöf frá ritstjóra blaðsins Geir A. Guðsteinssyni 18. desember 2006.

Ný saga. Tímarit Sögufélags. 1.-13. árg. Reykjavík 1987-2001.

Barst reglulega:

Flash. What's new?/ Quoi de neuf? frá Alþjóða skjalaráðinu, International Council on Archives (ICA).

Nordisk Arkivnyt.

Sveitarstjórnarmál.

Starfsmenn og störf

Starfsmenn árið 2006 voru tveir með ótímabundna ráðningu, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Kristín Þorgeirsdóttir skjalavörður og ljósmyndari, bæði í fullu starfi. Auk þess var Gunnar Marel Hinriksson tímabundið ráðinn sem skjalaskráritari í fullu starfi frá 15. maí til ágústloka og hálfu starfi frá septemberbyrjun til ársloka 2006.

Kópavogsdagar 2006 hófust hinn 4. maí á því að Sigurrós Þorgrímsdóttir, formaður Lista- og menningarráðs Kópavogs opnaði ljósmyndasýninguna *Bílar í Kópavogi* á Listatúni við Safnahúsið, en sýningin var samstarfsverkefni Héraðsskjalasafns Kópavogs og Bókasafns Kópavogs. Ljósmyndirnar á sýningunni frá árunum 1962-1966 eru eftir Herbert Guðmundsson sem var ritstjóri *Voga*. Hafði Kristín Þorgeirsdóttir veg og vanda af uppsetningu sýningarinnar. Sýningin stóð til mánudagsins 15. maí.

Kristín Þorgeirsdóttir sótti dagana 26.-29. september tvær vörusýningar í Þýskalandi, Photokina í Köln sem haldin var dagana 26. september til 1. október, en Photokina er stærsta sýning um ljósmyndabúnað sem haldin er, og Archivistica – Fachmesse für Archivtechnik sem haldin var 26.-28. september í

Essen í tengslum við Deutscher Archivtag (Þýska skjalavarðapíngið). Á þessum sýningum var aflað mikilvægra upplýsinga um búnað af ýmsu tagi í þágu Héraðsskjalasafnsins bæði til varðveislu ljósmynda og annarra skjala.

Héraðsskjalavörður sótti 21. Norrænu skjaladagana (XXI Nordiska arkivdagar) sem haldnir voru í Uppsölum í Svíþjóð 23.-26. ágúst 2006. Þessi ráðstefna norrænna skjalavarða, sem nú er haldin á þriggja ára fresti, á sér langa sögu. Hún hófst sem aukadagur við ráðstefnu norrænna sagnfræðinga árið 1935 og var slíkur dagur haldinn níu sinnum til ársins 1967. Árið 1971 urðu dagarnir tveir og hefur fjölgað síðan. Þjóðskjalaverðir Norðurlandanna hafa á árlegum fundi sínum ákveðið efni og ræðumenn á þessum ráðstefnum.² Meðal þess sem fjallað var um á ráðstefnunni í Uppsölum 2006 voru öryggismál skjalasafna (Riskhantering och säkerhet).

Héraðsskjalavörður sótti ráðstefnuna Skjalastjórn á Íslandi í Reykjavík 19. október 2006.

Héraðsskjalavörður hélt fræðsluerindi hjá Kvenfélagi Kópavogs 19. apríl 2006 og annað hjá Rótaryklúbbi Kópavogs 17. október 2006 um skjalasöfn og skjalavörslu.

Norrænn skjaladagur (Arkivernes dag) var haldinn af skjalasöfnum á Norðurlöndum 11. nóvember 2006. Þetta er árlegur kynningardagur opinberra skjalasafna á Norðurlöndum haldinn annan laugardag í nóvember ár hvert. Sá fyrsti sem náði til allra Norðurlandanna var haldinn árið 2001 en sá fyrsti (Arkivens dag) var haldinn í Svíþjóð árið 1998. Markmiðið með deginum er að vekja áhuga almennings á skjalasöfnum, auka vitneskju meðal almennings um það sem þau hafa að geyma, að kynna starfsemi og hlutverk skjalasafna sem menningarstofnana og beina sjónum að skjalasöfnum sem uppsprettulindum menningar og lýðræðis. Mörg skjalasafnanna hafa opið hús fyrir almenning á þessum degi eða halda sýningar. Annað hvert ár sameinast öll skjalasöfnin um sameiginlegt umfjöllunarefni, en þess á milli velur hvert land fyrir sig hvað fjallað er um. Árið 2006 höfðu íslensku skjalasöfnin samgöngumál í víðum skilningi í öndvegi undir fyrirsögninni „Á ferð...“.

Á vegum Héraðsskjalasafns Kópavogs var sett upp örsýning um Strætisvagna Kópavogs (SVK) í Bókasafni Kópavogs. SVK voru reknir af Kópavogsbæ frá 1. mars 1957 til 14. ágúst 1992. Var hugsað til þess að 1. mars 2007 yrðu 50 ár frá því að reglulegar strætisvagnsamgöngur við Kópavog hófust. Skjöl voru einnig sýnd á vegum Héraðsskjalasafnsins á vef skjaladagsins www.skjaladagur.is sem Þjóðskjalasafn Íslands rekur. Þar voru sýnd skjöl úr sögu SVK en einnig var á vefnum sýning ljósmynda í vörslu Héraðsskjalasafns Kópavogs undir yfirkriftinni „Á ferð um Kópavog“. Kristín Þorgeirsdóttir sat í undirbúningsnefnd skjaladagsins fyrir hönd Héraðsskjalasafns Kópavogs.

² Yfirlit um sögu Norrænu skjaladaganna: Bodil Ulate Segura: „Nordiska arkivdagarna 60 ár“. *Grannar emellan*. Årsbok för Riksarkivet och Landsarkiven. Stockholm 1997.

Kristín Þorgeirsdóttir veitti aðstoð við val og frágang á ljósmyndum í *Minningabók Kópavogsbúa* sem Bókasafn Kópavogs gaf út árið 2007.

Fundur Þjóðskjalasafns Íslands með héraðsskjalavörðum var í boði Héraðsskjalasafns Kópavogs haldinn í Kórnum, fundaraðstöðu í húsnæði Bókasafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs, 14. nóvember 2006, og heimsóttu fundarmenn Héraðsskjalasafn Kópavogs að honum loknum.

Gestir Héraðsskjalasafns Kópavogs árið 2006 voru 69 og afgreiddar fyrirspurnir þar að auki um 20.

Skjalasöfn sem lokið var við að skrá árið 2006

Árið 2006 luku starfsmenn Héraðsskjalasafns Kópavogs við að skrá eftirtalin skjalasöfn, aftast kemur fram hver skráði.

Afh. 1/2001. Hulda Jakobsdóttir. Skrá tilbúin 3. maí 2006. H.S.

Afh. 2/2005. Stefnir Helgason. Skrá tilbúin 21. september 2006. K.Þ.

Afh. 3/2005. Stefnir Helgason. Skrá tilbúin 21. september 2006. K.Þ.

Afh. 4/2005. Framfarafélagið Kópavogur. Skrá tilbúin 20. september 2006. H.S.

Afh. 5/2005. Bókasafn Kópavogs: Safn til sögu Kópavogs. Skrá tilbúin 1. nóvember 2006. G.M.H.

Afh. 6/2005. Blikksmiðjan Vogur. Skrá tilbúin 1. nóvember 2006. G.M.H.

Afh. 1/2006. 50 ára afmælisnefnd Kópavogs. Skrá tilbúin 22. febrúar 2006. H.S.

Afh. 2/2006. Vatnsveitufélag við Kársnesbraut. Skrá tilbúin 6. apríl 2006. H.S.

Afh. 3/2006. 50 ára afmælisnefnd Kópavogs. Skrá tilbúin 12. maí 2006. H.S.

Afh. 5/2006. Þórunn Kolfinna Ólafsdóttir. Skrá tilbúin 25. október 2006. H.S.

Afh. 8/2006. Tómstunda- og menningarsvið Kópavogsbæjar. Skrá tilbúin 6. júlí 2006. H.S.

Afh. 10/2006. Tryggvi Felixson. Skrá tilbúin 3. ágúst 2006. H.S.

Afh. 11/2006. Íþróttta- og tómstundadeild Kópavogsbæjar. Skrá tilbúin 31. ágúst 2006. H.S.

Afh. 12/2006. Sundlaug Kópavogs. Skrá tilbúin 19. ágúst 2006. H.S.

G.M.H. er Gunnar Marel Hinriksson.

H.S. er Hrafn Sveinbjarnarson.

K.Þ. er Kristín Þorgeirsdóttir.

Öskjur sem geyma eldri hluta skjala bæjarskrifstofa Kópavogs til ársins 1979, sem eru 920 talsins, voru skráðar af Gunnari Marel Hinrikssyni (lokið 30. ágúst 2006) og verður hægt að byggja á þeirri grundvallarskráningu við nánari skráningu skjalanna. Skjölum þessum hafði verið skipað skv. bréfalykli

fyrir sveitarfélög sem út kom á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. maí 1979, einhverntíma eftir útkomu lykilsins. Engar skrár voru til yfir þau umfram efnisorð lykilsins.

Starfsmenn Héraðsskjalasafns Kópavogs gengu frá og skráðu afhendingu 11/2006 í samvinnu við starfsmenn Íþróttá- og tómsundadeildar Kópavogsbæjar.

Héraðsskjalavörður leiðbeindi starfsmönnum Félagsþjónustu Kópavogs um skráningu á afhendingu 16/2006.

Hrafn Sveinbjarnarson